

Stjórnarfundur Prentsmiðjunnar 9. september 2021 kl. 11:00.

Staður: Gamla prentsmiðjan, Laugavegi 29B

Mætt: Haukur Már Haraldsson, Hjörtur Guðnason, Katrín Jónsdóttir, Tryggvi Þór Agnarsson, Heimir Örn Gunnarsson. **Forföll:** Grímur Kolbeinsson, Þór Agnarsson..

Dagskrá:

1. Staðan í Skálholti.
2. Fjármál.
3. Nánasta framtíð.
4. Önnur mál.

1. *Staðan í Skálholti* hefur lítið breyst. Verktaki hefur verið í mannraki, en vonir standa til að úr rætist fljótlega. Færa þarf peninga yfir á reikning Skálholts vegna framkvæmdanna.
2. *Fjármálin* er í góðu lagi skv. kynningu Tryggva Þórs. Haukur er að vinna skýrslur til Sambands Sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS), um gang vinnu við hönnun sýningarinnar í Skálholti.. Slík skýrsla er forsenda greiðslu styrks sambandsins til Pss. Einnig er hann að vinna að skýrslu til Mennta- og menningarráðuneytisins, til að liðka fyrir greiðslu á lokagreiðslu styrks ráðuneytisins til framkvæmda við húsnæðið eystra. Samþykkt hugmynd Hauks um að sækja um frekari styrk til SASS.
3. *Verið er að reyna* að finna húsnæði til að vinna úr þeim tækjum sem geymd eru í gámum í Hafnarfirði. Rætt hefur verið við tvo aðila og er annar þeir að hugsa málið.
4. Önnur mál.
Hjörtur stakk upp á að stjórnarmenn skiptu með sér vakt í Gömlu prentsmiðjunni kl. 15:00 til 18:00. Samþykkt og Katrín beðin að búa til plan sem stjórnarmenn gætu þá máta sig við.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 12:00.

Haukur Már Haraldsson
ritaði fundargerð